

Pési



Lesið þetta

- Kosningar
- Leikskóli
- Auglýsingar
- Aðalfundur
- Smárafréttir
- Afmæli

Næsti Pési kemur út 15.júní. Skil á efni er 12. júní.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Þróunarstarf	3
Framkvæmdir	7
Firmakeppni	10
Búnaðarfélagið	19
Leikskólafréttir	24
Bridge	30

Maí 2007

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason
Heimasíða: www.fludir.is

Hrunamannahreppur
Akurgerði 6
845 Flúðir

17. árgangur. 205. tölublað. pesi@fludir.is. Sími.480 6600

Litla – Laxá alvöru laxveiðiá

Á aðalfundi veiðifélags Litlu-Laxár var samþykkt að ganga frá leigusamningi við Stangveiðifélag Reykjavíkur um leigu á ánni sem laxveiðiá. Talsverð samstaða er um málið meðal veiðiréttar eigenda. Þetta leiðir til þess að malarnám mun leggjast af í ánni og líklegt er að við verðum að finna hinni skemmtilegu traktorstorfæru nýtt svæði. Nú eru íbúar hreppsins beðnir um að benda á tillögur þar sem við gætum komið traktorstorfærinni fyrir – því hún má að sjálfsgöðu ekki leggjast af.

Landgræðslustyrkur

Landbótasjóður hefur heitið að styrkja landbótastarf í hreppnum um kr. 500.000. Þessi upphæð skiptir okkur miklu máli og munum við verja henni til landgræðslustarfa á Hrunamannaafretti. Unnsteinn Hermannsson hefur um langt skeið verið ötull uppgræðslumaður og hefur skipulagt starfið með Sigurði H. Magnússyni, fulltrúum Landgræðslunnar o.fl. áhugsömum ræktunarmönnum. Einnig var sótt um styrk í Pokasjóð þar fengum við hins vegar synjun. Verkefnið sem sótt var um í Pokasjóð tengdist strandrey en hugmyndir eru um að nýta hann til uppgræðslu á afréttinum.

Kosningar, okkar er valið!

Enn á ný gefst okkur kostur á að kjósa fulltrúa okkar á Alþingi. Lýðræðið er okkur dýrmætt en Alþingi Íslendinga er talin vera elsta þing í veröldinni. Íslendingar misstu sjálfstæði sitt árið 1262 og við urðum ekki frjáls og fullvalda þjóð fyrr en 1918, og lýðveldi 1944. Allt krafðist þetta mikillar baráttu og vinnu sem leiddi til sigurs að lokum, sem við erum stolt af. Frændur okkar Færeyingar hafa mikinn áhuga á að feta sömu slóð, þar er mikill áhugi fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og vonandi tekst þeim það fyrr en síðar. Eins og gefur að skilja hafa margir áhuga fyrir því starfi sem fram fer á Alþingi. Oft er talað um að virðing Alþingis fari þverrandi. Sjálfsagt er mikið til í því. Þetta er í rauninni að hluta þingmönnum sjálfum að kenna. Einnig er myndin sem fjölmiðlar draga upp af þingstarfinu oft allt önnur en alþingismenn upplifa sjálfir. Upphlaup og upphrópanir eiga greiðari leið í fjölmiðla en hið raunverulega starf sem á sér stað í þinginu. Vandaðar þingsályktunartillögur eða frumvörp fá mun minna rými en ókurteisi og upphrópanir. Þingmenn tala oft um að fáir sitji í þingsölum þegar umræður fara fram, þó þeir viti að fjölmargir þingmenn séu við vinnu á skrifstofum sínum í þinginu. Þetta á ekki síður við um fjölmiðla sem vekja oft athygli á nær tónum þingsalnum. Oftast er það þannig að þeir þingmenn sem sitja í þeim nefndum sem dagskrármál tilheyra eru á vaktinni og taka þátt í umræðu um tiltekin mál er tengjast nefndarstarfinu. Þingmenn hafa skrifstofur og fylgjast gjarnan með umræðunni í gegnum sjónvarp og geta unnið að ýmsum málum meðan á umræðu stendur og er tímanum oft mikið betur varið þannig en að sitja í þingsalnum og fylgjast með umræðunni. Þá er oft talað um miklar annir fyrir jól og í þinglok. Það er allt saman afar eðlilegt því nefndir hafa verið að störfum allan veturinn og mál eru lögð fyrir þingið í þremur umræðum en lokaumræðan og afgreiðslan fer oftast fram í þinglok eða rétt fyrir jól. Starf þingmannsins er afar mikilvægt. Til þess að hinn almenni borgari hafi trú á starfi Alþingis og alþingsmanna verða menn að ber virðingu hver fyrir öðrum, vanda vinnubrögð, samskipti og samræðu. Það er ekkert að því að menn takist hressilega á en stíllinn á ekki að vera hinn sami og á málfundum hjá krökkum. Það er vert að hvetja alla til þess að nýta sér kosningaréttinn 12. maí n.k. í trausti þess að áfram megi ríkja velmegun og velgengni á Íslandi, hver sem fer með stjórnartaumana að kosningum loknum.

Ísólfur Gylfi Pálmason, Sveitarstjóri.

Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

Þróunarstarf í Flúðaskóla

Það er ánægjulegt að athyglisvert þróunarstarf fer fram í Flúðaskóla. Á þetta er m.a. bent á í Fréttabréfi Skólaskrifstofu Suðurlands. Verkefnið kallast “Uppeldi og ábyrgð”. Þær stöllum Magnea Gunnarsdóttir og Elín Jóna Traustadóttir halda utan um verkefnið innan skólans. Í upphafi verkefnisins hélt Magni Hjálmarsson skólaráðgjafi og frumkvöðull uppbyggingarstefnunnar námskeið fyrir starfsfólkið. Starfsfólk skólans hefur síðan markvisst kynnt sér fræðin, lesið saman og skipst á skoðunum um námsefnið. Hingað til hefur vinnan farið fram á meðal starfsfólks skólans og í framhaldinu er unnið með nemendum og foreldrum. Magni mun á næstunni koma í heimsókn í skólann og þá mun foreldrum verða boðið uppá fræðslu. Til þess að uppbyggingarstefnan skili árangri er nauðsynlegt að foreldrar taki þátt í þessu starfi með skólanum.

Hrunamenn með græna fingur

Óhætt er að segja að Hrunamenn séu með græna fingur. Nú plægja menn og sá daga og nætur. Fyrst útplöntunar að þessu sinni voru líklega Helga og Guðjón á Melum en þau hófu gróðursetningu 25 apríl s.l. en það er að sögn fróðra manna með allra fyrsta móti. Ungmennin í skólanum hafa í hyggju að gróðursetja trjáplöntur í landi hreppsins. Þetta er góður siður og skemmtilegur þáttur í verkefninu “lesið í skóginn”. Kennarar skólans munu væntanlega sækja finnskan skógaskóla heim næsta haust. Við vonum að gróður lifi og dafni vel í sumar.

Þing KKÍ – unglíngalandsliðskonur

Þing Körfuknattleikssambands Íslands var haldi á Flúðum um síðustu helgi. Þingið þótti takast vel til. Kröftug umræða og uppbyggileg. Okkar maður Árni Þór Hilmarsson var tengiliður heimamanna við þinghaldara. Við getum verið stolt af því að KKÍ skuli velja Flúðir til þinghalds en síðast þinguðu þeir hér árið 1995. Við eigum efnilegt körfuknattleiksfólk hér og nú um stundir eigum við tvær unglíngalandsliðskonur þær Elmu Jóhannsdóttur, og Heiðrúnu Kristmundsdóttur en hún á ættir að rekja hingað. Formaður KKÍ er Hannes S. Jónsson en hann bjó hér í hreppnum um tveggja ára skeið.

Nýr leikskólastjóri

Eins og fram hefur komið hefur Guðbjörg Jóna Ólafsdóttir sagt upp starfi sínu sem leikskólastjóri á Undralandi. Jóna hefur unnið afar gott starf með sínu trausta starfsfólki. Þetta starf hefur vakið athygli víða og hafa starfsmenn okkar haldið fyrirlestra í öðrum leikskólum þar sem þeir kynna þær námsstefnur sem unnið er eftir. Starf leikskólastjóra var auglýst og tvær umsóknir bárust. Fræðslunefnd og hreppsnefnd voru mjög samstíga í því að ráða Eydísi Helgadóttur til starfsins en hún hefur starfað sem aðstoðarleikskólastjóri um nokkurra ára skeið. Um leið og Guðbjörgu Jónu eru þökkúð góð störf og uppbyggingarstefnu í skólastarfi er Eydísi óskað til hamingju með nýja starfið og óskað velfarnaðar í starfi. Um nokkurt skeið hafa fjórir menntaðir leikskólakennarar kennt við skólann, ein til viðbótar er í námi og þeir starfsmenn sem eru ófaglærðir eru einstaklega duglegar að sækja námskeið. Metnaðurinn skiptir miklu máli.

Elín Jóna tæknileg listakona

Það er mikið af hæfileikaríku fólki hér í hreppnum. Ein þeirra er Elín Jóna Traustadóttir. Hún sér um tölvukerfið á vegum sveitarfélagsins með miklum sóma. Hún heldur utan um nokkrar heimasíður í hreppnum þar á meðal heimasíðu Hrunamannahrepps. Það vekur líka athygli að hún hefur sett saman ýmsar fræðslumyndir þegar um samkomuhald er að ræða s.s. á hjónaballi, tónleikum o.s.frv. Elín Jóna er einnig mikil hannyrðakona og á reyndar ekki langt að sækja það því Elín móðir hennar er flink saumakona. Þær mæðgur sauma púða undir giftingahringi, giftingaslör o.m. fl. Ef einhver er á biðilsbuxunum er ekki úr vegi að heimsækja þær mæðgur og kaupa hjá þeim púða undir hringana.

Glæsilegt gistiheimili og kaffihús á Grund

Á næstu dögum opnar nýtt og glæsilegt gistiheimili á Grund á Flúðum. Það er Dagný Ólafsdóttir og hennar maður Kristinn Kristinsson sem reka gistiheimilið. Þar verður líka veitingastaður og kaffihús, þar sem boðið verður upp á heitan mat og ýmsar kræsingar. Þá hefur Dagný sótt um vínveitingaleyfi. Þetta verður enn einn þátturinn í fjölbreyttari ferðaþjónustu hér í hreppnum og kærkomin viðbót. Aðstandendum gistiheimilisins er óskað til hamingju með gistiheimilið, kaffihúsið og veitingastaðinn og óskað velgengni í rekstri staðarins.

Ruslamálaráðherra

Sú skemmtilega hefð hefur skapast hér að útnefna á hverju ári ruslamálaráðherra sem skipuleggur árlegan rusladag í hreppnum. Stefnt er að rusladegi föstudaginn 25. maí. Ruslamálaráðherrann í ár er enginn önnur en verðandi leikskólastjóri okkar Eydís Helgadóttir. Hún fer náttúrulega létt með þetta eins og annað sem hún gerir og mun stýra okkur eins og leikskólabörnum. Þess má til gamans geta að Eydís er einstaklega flink í skreytingum hún skreytti t.d. salinn þegar haldnir voru minningartónleikarnir um Sigurð Ágústsson í vetur, eins þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands heimsótti okkur fyrir nokkru. Nú eru íbúar hvattir til þess að taka til hendinni og gera fallegan hrepp enn fegurri.

Tiltekt í áhaldahúsinu

Karlarnir okkar í áhaldahúsinu þeir Hannibal, Jóhann og Sólberg hafa gefið tóninn í tiltektarátaki sem við erum að fara út í. Þeir hafa tekið til innan dyra, Nýtt betur húsið og lagað umhverfið í kringum það. Þá eru 10 bekkingar að undirbúa tiltektarátak sem Anna Ásmundsdóttir mun stjórna. Brettum upp ermar og tókum til. Nú er hið rétta tækifæri fyrir sumarið, sveitina og samfélagið.

Kjörfundur

Loftur Þorsteinsson formaður kjörstjórnar undirbýr kjörfund í Hrunamannahreppi sem verður í Félagsheimili Hrunamanna sem haldinn verður á kjördag 12. maí og stendur frá kl. 10 til kl. 22.00. Með Lofti í kjörstjórn eru: Rut Guðmundsdóttir og Guðríður Þórarinsdóttir. Varmenn eru Jóhanna B. Ingólfssdóttir, Gunnlaugur Magnússon og Kristinn Valgeirsson. Hrunamenn eru hvattir til þess að nýta kosningaréttinn og mæta snemma á kjörstað með skilríki í farteskinu.

Skólasamskipti við Danmörku

Merkilegt og skemmtilegt er samstarf og samskipti Grantoftskolen og Flúðaskóla. Þetta á við kennara og nemendasamskipti. Aðal tengiliður okkar í þessu starfi er Anna Ásmundsdóttir dönskukennari. Í Flúðaskóla verða frá 17.- 23. maí tveir danskir kennarar og kenna dönsku, söng og dans. Við hlökkum til að sjá árangurinn þegar danska verður sungin og dans stiginn í takt við hið fagra hljómfall dönskunnar.

Framkvæmdir – ný gata – ný hús –

Neseyjarmenn eru vonandi að taka lokasprettinn í Austurhofinu hinu nýja íbúðahverfi en nú hefur öllum lóðum verið úthlutað við þá götu. Fyrirhugað er að ganga alveg frá götunni með bundnu slitlagi, gangstéttum og tilheyrandi. Stefnt er að því að framkvæmdunum ljúki um miðjan júní. Þá er byggðin að þéttast við Vesturbrúnina þar er fyrirhugað að byggja þrjú ný íbúðarhús og er þá gatan fullbyggð. Hins vegar er í undirbúningi að stækka þéttbýlismörkin og þá yrðu hugsanlegar nokkrar einbýlishúsalóðir til viðbótar við Vesturbrúnina. Enn eru eftir fáeinar lóðir í Hofatúni en þeim fækkar óðfluga, Hugmyndir eru uppi um íbúðarhúsabyggð í landi Sunnuhlíðar og er unnið að skipulagsvinnu því tengdu. Þær hugmyndir verða kynntar innan tíðar. Þannig að óhætt er að segja að mikið líf og kraftur er í hreppnum okkar.

Tilboð að fara í gang vegna fráveitumála

Um helgina verður auglýst opið tilboð sem tengist fráveitumálum á Flúðum. Þetta tengist, nýrri íbúðabyggð, nýjum tjaldsvæðum og nýju iðnaðarsvæði og tengist væntanlega í framtíðinni eldri byggðum á Flúðum. Á síðast hreppsnefndarfundi voru nýjar reglur um úthlutun lóða og álagningu gatnagerðagjalda samþykkt. Lausar lóðir verða auglýstar á heimasíðu hreppsins og sveitarstjóri hefur heimild til þess að úthluta lóðum með ákveðnum hætti en áður voru allar slíkar umsóknir lagðar fyrir hreppsnefnd.

Reiðvegir eru reiðvegir

Tvær ungar stúlkur sem eru miklir hestamenn komu á skrifstofuna á dögnum og lýstu miklum áhyggjum yfir því að ungir vélhjólamenn notuðu reiðvegina til þess að þenja vélfáka sína. Stjórn Hestamannafélagsins Smára hefur einnig miklar áhyggjur af þessu enda hafa hestar oftast en einu sinni fælst á reiðvegnum. Þetta minnir okkur hins vegar á að við þurfum með einhverjum hætti að skapa ungum vélhjólamönnum aðstöðu – gömlu mótörhjólakapparnir nota þjóðvegina og ferðast jafnvel um óravegu til þess að fá útrás fyrir akstursþörfina

Heilbrigðisfulltrúar í heimsókn

Fundur heilbrigðisfulltrúa var haldinn á Flúðum í vikunni. Þeir heim-sóttu m.a. hreppsskrifstofuna og fengu upplýsingar um það helsta sem er að gerast í hreppnum. Þeir skoðuðu m.a. hina fallegu stuðlabergs-námur sem hér eru, fóru í heimsókn í gróðurhús og skoðuðu margt fleira.

Litla – Laxá alvöru laxveiðiá

Á aðalfundi veiðifélags Litlu-Laxár var samþykkt að ganga frá leigu-samningi við Stangveiðifélag Reykjavíkur um leigu á ánni sem lax-veiðiá. Talsverð samstaða er um málið meðal veiðiréttareigenda. Þetta leiðir til þess að malarnám mun leggjast af í ánni og líklegt er að við verðum að finni hinni skemmtilegu traktorstorfæru nýtt svæði. Nú eru íbúðar hreppsins beðnir um að benda á tillögur þar sem við gætum komið traktorstorfærunni fyrir – því þær mega að sjálfsögðu ekki leggjast af.

Flugdagurinn

Um Jónsmessuna skipuleggur Magnús Víkingur og fleiri góðir menn sérstakan flugdag en hann var haldinn hér um árabil. Margt verður sér til gamans gert. Hátíðin er auglýst sérstaklega hér í Pésanum,

Íþróttaskóli barnanna


Unnið er að undirbúningi íþróttaskóla fyrir börn. Að vanda mun Ung-mennafélag Hrunamanna hafa veg og vanda af íþróttaskólanum en sveitarsjóður hefur styrkt framtakið. Þeir félagar Karl Hannibalsson og Sigfús Heimisson munu, ef allt fer að skilum, sjá um skólann. Karl er að ljúka námi við Íþróttaskor KHÍ á Laugarvatni en Sigfús er að ljúka fyrsta ári við sama skóla. Þannig að hér er um unga og fríska menn að ræða. Ekki er ólíklegt að skólinn geti byrjað um miðjan júní og standi fram í ágúst.

Þjóðhátíðarnefnd.

Fulltrúar Hrunamannahrepps í Þjóðhátíðarnefnd 17 júní er Ásta Odd-leifsdóttir í Hrepphólum með henni í nefndinni er sauðfjárþóndinn og snilldarsmiðurinn frændi hennar Þorsteinn Loftsson í Haukholtum. Nú treystum við á gott veður og gleðilegan þjóðhátíðardag.



Rafverktaki



Hjörleifur Ólafsson
Löggiltur rafvirkjameistari
Sími: 4806767

TIL SÖLU

Til sölu (Mjög ódýr) Opal Astra, sjálfskiptur,
góð vetrardekk á felgum fylgja.
Nánari upplýsingar í sínum 486-6615, farsími 869-8915 eða í
Bjarkarhlíð

STARFSMENN VANTAR

í tjald og þjónustumiðstöðina á Flúðum í sumar.
Góð vinna og mikil fyrir áhugasama
Hafið samband við Jónas í síma 863-3409 eða með tölvupósti:
jonase@centrum.is

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps
Vorfundur Kvenfélagsins verður haldinn í Kvenfélagsskóginum
sunnudaginn 20. maí kl. 14:00
Nánar auglýst síðar. (Með fyrirvara um breytingar vegna veðurs)
Kveðja
Stjórn Kvenfélags Hrunamannahrepps.

FLÚÐALEIÐ ehf . og FLYTJ- ANDI

Ferðaáætlun í uppsveitir Árnassýslu

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum
15): alla virka daga

kl: 13.00.

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjunni, Byko og Flytj-
anda): alla virka daga **kl: 14.00.**

Aukaferð farinn frá Reykjavík
kl: 16.00 alla föstudaga.

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla áburðarsölu-
aðila.

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum í
síma: 892-2370

Aðrir símar:

Vöruafgreiðsla: 486-1070

Gregor: 892-2371

Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

Netfang: fludaleid@simnet.is

Flúðaleið ehf. og Flytjandi

SMÁRI



Firmakeppni Hestamannafélagsins Smára.


Firmakeppni Smára fór fram í Torfdal á Flúðum þann 1. maí í blíðskaparveðri og var aðsókn með besta móti og voru keppendur á mótinu 92. Kvenfélag Hrunamannahrepps var með kaffisölu á mótsstað.

Eftirtaldir einstaklingar og fyrirtæki studdu félagið og kann Hestamannafélagið Smári þeim bestu þakkir fyrir:

Fjárbúið Miðfelli V, **Gröfur og naut Grafarbakka**; Fossstál ehf, **Harri Hamar**, Hrunamannahreppur, **Útlaginn**, Kaupþing banki, **Kúabúið Ásum**, Háholtsbúið, **ÞG verk**, Gröfutaekni, **Flúðajörfi**, Pizzavagninn Laxárdal, **Flúðafiskur**, Gróður ehf, **Vörðufell ehf**, Rusli, **Berghylsbúið**, Íslenskt grænmeti, **Dvalarheimilið Blesastöðum**, Veitandi ehf Birtingaholti, **Fjárbúið Haukholtum**, Bólfélagar, **Ferðabjónustan Syðra Langholti**, Kynbótabúið Hlíð, **Hrossaræktarfélag Hrunamanna**, Hrossaræktarbúið Skollagróf, Hrossaræktarbúið Efra Langholti, Hitaveita Flúða, **Kúabúið Kotlaugum**,

Fjallaraf ehf, **Stóðhesturinn Týr Skeiðháholti**, Hraunteigur ehf flísalagnir, **Bjarni Valur og Gyða**, Garðyrkjustöðin Reykjaflöt, **Úlfar Harðarson**, BR Sverrisson ehf, **Palli smiður Leiti**, Hrossaræktarbúið Blesastöðum 1a, **Nuddstofa Kristjónu Laxárdal**, Mumu Austurhlíð, **Kílhraun.is**, Melhagi group, **Graðverk**, Brigitte Brugger dýralæknir, **Félagsbúið Prándarholti**, Reykjabúið, **Hagleiksmenn ehf Kílhrauni**, Vélaverkstæðið Klakkur, **Góðhestastöðin Heiðarbrún**, Hermann Þór Karlsson Efri Brúnavöllum, **Kúabúið Stóru Mástungu**, Bílar og lömb Grafarbakka, **Ferðabjónustan Steinsholti**, Íþróttahúsið Flúðum, **Skeiða og Gnúpverjahreppur**, Hitaveita frambæja Skarði, **Tamningastöðin Hrafnkelsstöðum**, Grafarhestar, **Land og synir ehf**, Dýralæknaþjónusta Suðurlands, **Gistiheimilið Grund**, **Bý ehf Brún**, **Laufskálar ehf**, **Varmalækur ehf**,

Góðir hálsar ehf, Kaffi Sel,**Flúðaleið/SR Grænmeti**, Garðyrkjustöðin Hvammur 2,**Heimir málari**, Límtré Vírnet, **Samúel og Þórunn Bryðjuholti**, Flúðaverktakar ehf, **Plast og suða**, Hús og stigar, **Vinir Útlagans**, Gestur Kálfhóli, **Verslunin Árborg**,Hæll ehf, **Hestahóтелиð Vorsabæ**, Félagsheimili Hrunamanna,**Félagsbúið Hlemmiskeiði**, Big foot Brjánsstöðum, **Nautgriparæktarfélagið Þjór**, Stóðhesturinn Forseti Vorsabæ, **Bára og Haukur Kílhrauni**, Kúabúið Haga, **Bjarni og Lára Blesastöðum 2a**, Guðrún og Leó Brautarholti, **Garðyrkjustöðin Hvammur I**, Högnastaðabúið, **Ræktunarbúið Hæll I**, Fjósbúið Túnsbergi, **Hótel Flúðir**, Ingvar og Svala Fjalli, **Nesey ehf**, Lilja Guðmundsdóttir Ósabakka, **Reykás ehf**, Hitaveita Suður Skeiða, **Skólabílar Hrunamanna**, Glerverkstæðið Dalbæ, **Búgarðurinn Brúnum**, Kúabúið Steinsholti, **Allt í hund og kött**, Hænsnahöllin Húsatóftum, **Félagsbúið Efri Brúnavöllum**, Vélaverkstæðið Heiðarbrún, **Félagsbúið Tungufelli**, Hestaleigan Syðra Langholti, **Hrepphólabúið**, Ragnar og Marta Birtingaholti, **Fögrusteinar ehf**, Bökun Auðsholti, **Hestamiðstöðin Reykjadal**, Kalli og Valný Skipholti, **Flúðasveppir**, Búnaðarfélag Hrunamanna, **Junkyardin Sólheimum**, Hestamiðstöðin Langholtskoti, **Jörðin Jaðar**, Sauðfjarræktarfélag Hrunamanna, **Rabbabaraflokkurinn**.



Hár-Hrun

Verð í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana 11. maí, 25. maí
og 8 júní.

Eða eftir nánara samkomulagi

Pantið tímanlega.

Tímappantanir í síma:
486-5535 og **899-9665**.

Helstu úrslit í Firmakeppni Smára



POLLAFLOKKUR:

Veitandi ehf

Knapi: Ragnheiður B Einarsdóttir, Aron 17. vetra

Bílar og Lömb Grafarbakka:

Knapi: Matthías Bjarnason, Hrollur 18. vetra

Hrossaræktarbúið Skollagróf:

Knapi: Helgi V Sigurðsson Glaður 19. vetra

BARNAFLOKKUR:

Félagsbúið Tungufelli:

Knapi: Sigurbjörg B Björnsdóttir, Hrefna 8 vetra

Hítaveita Suður Skeiða:

Knapi: Gunnlaugur Bjarnason, Tvistur 11 vetra

Laufskálar ehf:

Knapi: Kjartan Helgason, Þráinn 7 vetra

UNGLINGAFLOKKUR:

Hótel Flúðir:

Knapi: Katrín Ólafsdóttir, Kóngur 8 vetra

Bólfélagar:

Knapi: Jóhanna Sigurðardóttir, Freyja 17 vetra

Flúðafiskur:

Knapi: Hugrún Hjálmsdóttir ,Kóngur 8. vetra

UNGMENNAFLOKKUR:

Gróður ehf:

Knapi: Birgir Guðjónsson, Hrímnir 11 vetra

Berghylsbúið:

Knapi: Dórothea Sigurðardóttir, Skrugga 10 vetra

Fjósbúið Túnsbergi:

Knapi: Helga Sigurðardóttir, Elding 7 vetra

KVENNAFLOKKUR:

Harri Hamar:

Knapi: Ása María Ásgeirsdóttir Grettir, 15 vetra

Kúabúið Kotlaugum:

Knapi: Lilja Loftsdóttir Flandra ,10 vetra

Varmalækur ehf:

Knapi: Hildur Sigurðardóttir, Kveikur 8 vetra

KARLAFLOKKUR:

Kúabúið Haga:

Knapi: Hermann Þór Karlsson, Djarfur 8 vetra

Ræktunarbúið Hæll I

Knapi: Ragnar Sölvi Geirsson, Ísak 6 vetra

Dýralæknaþjónusta Suðurlands:

Knapi: Þorkell Þorkelsson, Máti 11 vetra

HELDRI MANNA OG KVENNA FLOKKUR:

Verslunin Árborg:

Knapi: Haraldur Sveinsson, Erta 8 vetra

Ferðaðþjónustan Steinsholti:

Knapi: Jóhanna Ingólfssdóttir, Ingjáll 6 vetra

Big foot Brjánsstöðum:

Knapi: Stefán Jónsson, Þytur 12 vetra

SKEIÐ:

Ingvar Hjálmarsson, Stjarna

Bjarni Birgisson Stormur

Sigurjón Sigurðsson

Íþróttahúsið á Flúðum
Opnunartími:
Mánudaga til fimmtudaga
15:30-21:00
Föstudaga til sunnudaga
LOKAÐ

Fréttir frá Aðalfundi Nautgriparæktarfélags Hrunamanna.

Fundurinn var haldinn 4. apríl á Hótel Flúðum og snædd þar dýrindis súpa og brauð í lok fundar.

Sagt var frá starfi félagsins síðasta ár sem var ein skemmti- og fræðsluferð á Stokkseyri og Reykjavík. Opin fjós og haust og aðalfundur.

Páll í Núpstúni var endurkjörin gjaldkeri. Aðrir í stjórn eru: Jón Viðar í Dalbæ formaður og Esther Sólheimum ritari.

Guðmundur Jóhannesson ráðunautur fór yfir skýrsluhald félagsins og kom þar fram að um áramót voru 980 kýr í hreppnum, innleggsbú 23 og meðalnyt á kú 5.675 kg mjólk..

Á tíu búum er að mjólka yfir 6000 lítra. 4 efstu bú í kg mjólk eru Núpstún 6582 kg, Kotlaugar 6415 kg, Birtingaholt 1 6329 kg og Túnsberg 6317 kg. Röðin breytist þegar farið er efir magni verðefna MFP og er þá Túnsberg efst með 486 kg MFP. Næst er Birtingaholt 1 með 476 kg MFP og svo eru jöfn búin að Núpstúni og Bryðjuholti með 469 kg MFP. Þátttaka í skýrsluhaldi er 95 %. Meðalbústærð er 45 kýr.

Magnús Sigurðsson Birtingaholti fór yfir málefni mjólkuriðnaðrins

Verðlaun veitti félagið fyrir eftir farandi:

1. Afurðahæsta búíð í MFP: Gunnar og Magga í Túnsbergi með 486 kg MFP.
2. Afurðahæsta kýrin í kg og MFP: Mús 214 frá Kotlaugum mjólkaði 10.655 kg mjólk og 772 kg MFP
3. Ræktunarbú ársins (mest hækkum í verðefnum): Núpstún, hækkar um 44 kg MFP.

Huppuhornið-efnilegasta kvígan: Toppa 276 frá Kotlaugum Punktstöttir, fékk 89 stig í byggingu og búin að mjólka í 1,3 ár 10.421 kg mjólk og 681 kg MFP.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram og samþykkt samhljóða:

“Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Hrunamanna haldinn 4. apríl 2007 samþykkir að hvetja sveitastjórn Hrunamannahrepps til að veita Huppu á Kluftum sinn bás og verðugan sess í fyrir hugaðri Menningarmiðstöð á Flúðum,, Grinargerð: Í fyrirhugaðri Menningarmiðstöð er áætlað að gera hátt undir höfði þjóðþekktum Hreppamönnum s.s. Fjalla Eyvindi og Höllu og listaverkum Einars Jónssonar. Nautgriparfélagið telur Huppu á Kluftum ekki síður þjóðþekktu persónu þar sem hún er helsta ættmóðir kúa á Íslandi og áhrif hennar einstök.

Stjórnin.

Auglýsing:

Félagsþjónusta uppsveita Árnessýslu

Félagsleg heimaþjónusta:

Lifandi og skemmtilegt starf.

Óskað er eftir að ráða einstakling til afleysinga fyrir heimaþjónustu sumarið 2007. Starfið felst í heimilishjálpi og ýmis konar þjónustu við aldraða. Leitað er eftir jákvæðum og hressum einstaklingi sem á auðvelt með að starfa sjálfstætt. Um 80% starf er að ræða. Tímabil: frá 10.07.-01.09. 2007.

Greidd eru laun skv. kjarasamningi BSRB.

Nánari upplýsingar gefa Nanna Mjöll Atladóttir, félagsmálastjóri og Íris Blandon sjúkraliði/deildarstjóri heimaþjónustu, á Heilsugæslunni í Laugarási, s. 480-8800 á milli kl. 10-12.

Halló krakkar! Nú er komið að því.Farið verður í Hestheima helgina 2-3 júní. Mæting í Hestheima er kl. 13 laugardag og farið heim kl. 12 á sunnudag. Byrjað verður á að fara í reiðhöllina á laugardag og síðan í langan reiðtúr. Um kvöldið höldum við svo kvöldvöku og gaman væri ef þið kæmuð með skemmtilegan brandara stutta sögu eða gátu. Eins gætuð þið komið með spurningakeppni og látið okkur fullorðna fólkið reyna að svara. Þið getið verið tvö eða fleiri við að útbúa svona keppni. Notið hugmyndaflugið. 'A sunnudagsmorgun verður svo lagt á hestana aftur. Innifalið verður miðdagskaffi kvöldmatur og kvöldhressing á laugardag og morgunmatur á sunnudag. Þið þurfið að hafa með ykkur hesta og reiðtýgi svefnpoka og LÍTIÐ NAMMI. Ef þið viljið hafa með ykkur spil eða lúðó er það auðvitað ágætt.

EKKI GLEYMA HJALMINUM.

Nánari upplýsingar og skráning eru í sínum 8658173 Kolla og 8984876 Lilja skráningu þarf að vera lokið fyrir 23 maí. Aldurstakmark 10 ára. Hestamannafélagið greiðir 3000 kr fyrir hvert barn, sem er í félaginu, verð er því 5.500 krónur fyrir barn.

Kær kveðja frá
æskulýðsnefnd Smára.



Frá Bókasafni Hrunamanna.

Vinsamlegast athugið að frá og með 15. maí – 31. ágúst gildir sumaropnunar-tíminn:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Vinsamlegast munið að skila á réttum tíma.

Á bókasafninu er tölva fyrir almenning tengd Internetinu.

Gjaldskráin er ½ klukkustund á kr. 100,-.

Velkomin á bókasafnið – Alltaf eitthvað nýtt í hverri viku.

Sími : 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

DÓSA- OG FLÖSKU SÖFNUN 9. BEKKJAR

Í sumar ætlum við að halda áfram að safna dósum og flöskum fyrir Danmerkurferðina sem farin verður í byrjun næsta skólaárs.

Við verðum á ferðinni næst 1-2. júní og svo 6-7. júlí og síðasta söfnun verður 10-11. ágúst. Ef einhverjum liggur á að losna við dósir og flöskur á milli söfnunardaga er hægt að hafa samband við eftirtalda í síma: 566-8342 (Hlíf), 486-6775 (Lilja), og 486-6777 (Alla).

Við viljum svo þakka frábærar viðtökur í síðustu söfnun.

9. bekkur Flúðaskóla, foreldrar og forráðamenn

KVENNAREIÐTÚR 19 JÚNÍ.

Konur!!

Nú er um að gera að fara að þjálfa reiðskjótana fyrir kvennareiðtúrinn þann 19. júní

Nánar auglýst síðar.

Nefndin.



Opnunartími Versl. Strax .

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Alþingiskosningar 12. maí 2007.

Kjörfundur í Hrunamannahreppi vegna Alþingis-
kosninga 2007 hefst laugardaginn 12 . maí kl 10:00
árdegis og stendur til klukkan 22:00.

Kjörfundur er í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast hafið persónuskilríki tiltæk

Kjörstjórn

Eldri Hrunamenn

Næsta þriðjudag 15. maí verður þúttkennsla á Selsvelli kl.
10:30, hún verður svo annan hvern þriðjudag í sumar, en
gönguferðir hinn kl. 10:30 frá Heimalandi.

Hittumst hress og höfum gaman

Nefndin

Nú er rétti tími tíminn til að breyta um lífsstíl.

Eva Marín Hlynsdóttir

Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife. S: 892 6728

WWW.eva.topdiet.is

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferðir

*Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)*



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620 Netfang undraland@fludir.is



Frá Foreldrafélagi Leikskólans Undralands

Laugardaginn 12.maí heldur foreldrafélagið kökubasar á þemasýningu leikskólans.

Þessi árlegi kökubasar er liður í fjáröflun félagsins svo endilega komið við í leikskólanum og nælið ykkur í köku með kosningakaffinu. Salan hefst um kl:11:30

Með vorkveðjum Nefndin

Frá Búnaðarfélagi Hrunamanna

Viljum minna á tækjaleigu búnaðarfélagsins.

Höfum keypt 5 ný tæki sem eru: 6 hesta kerra, haughræra, fimm skera plógur, fjaðraherfi og slóðaherfi.

Önnur tæki eru: Þrí og fjór skera plógar, pinnatætari, haughræra, haug-suga, steypuhrærivél, loftpressa, kalkdreifari, hefill, 12 tonna stur-tukerra, flagvaltari og niðursláttuvél. Einnig jarðýta, kornþreskivél og kornvals

Nánari upplýsingar og pantanir hjá Aðalsteini í síma 898-1591 Sigurði 894-1130 og Sigurjóni 893-5212

Opinn borgarafundur!

Þriðjudaginn 22. maí verður opinn borgarafundur í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum og hefst hann kl. 20.30. Á dagskrá fundarins verður ársreikningur hreppsins, kynning á fyrirhuguðum tillögum að aðalskipulagsbreytingu, umhverfismat áætlaða og einnig verður sagt frá orkurannsóknum í hreppnum sem unnar hafa verið af ÍSOR. Á fundinn mæta m.a. Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi hjá KPMG, Hrund Skarphéðinsdóttir, verkfræðingur hjá Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar en þau eru skipulagsarkitektar okkar og einnig Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur hjá ÍSOR. Allir sem áhuga hafa á þessum málum og vilja fylgjast með því sem er efst á baugi í hreppnum eru hvattir til þess að mæta. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

***Aðalfundur fimleikadeildar UMFH
verður haldinn þriðjudaginn 15. júní
kl. 20:30 í UMFH herbergi í Félagsheimili Hrunamanna***

***Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Alla virka daga
Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.***

Sundlaugin á Flúðum
Opnunartími:
Mánudaga til miðvikudaga. 16:00-21:00
Fimmtudaga: 17:00-21:30 Föstudaga: 16:00-21:00
Laugardaga: 10:00-18:00. Sunnudaga: 13:00-18:00
Höfum til sölu sundfatnað, sundgleraugu og fleira

Kæru vinir og vandamenn
Bestu þakkir fyrir mig þann 15 apríl sl.
Tómas Þórir Jónsson

TIL SÖLU.

Stórfyrirtækið Flúðataxi
Sérstaklega gerðarlegt og
skemmtilegt fyrirtæki
Upplýsingar gefur Árni í
síma 899 8843



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804

Fatamarkaður og kökubasar!

Er ekki kominn tími til að taka til í fataskápnunum?

Við í 9. bekk Flúðaskóla erum á leið til Danmerkur í haust og stöndum því fyrir fjáröflun. Helgina 16. til 17. júní munum við hafa fatamarkað og kökubasar í Félagsheimilinu á Flúðum. Við viljum því biðja ykkur um að safna saman fötum sem þið hafið ekki lengur not fyrir og þann 29. til 31. maí munum við fara á milli húsa og safna fötunum saman.

(Við tökum ekki á móti ónýtum fötum!)

Fötin verða seld frá 500 kr. upp í 2000 kr.

Föt sem ekki verða seld förum við með í Rauða krossinn.

Vonumst eftir góðum undirtektum, þar sem allir græða


Kveðja 9. bekkur!

Bændur og búalið!

Eru kýrnar slappar?

Eigum alltaf til á lager Propylenglykol við súrdoða.
Einnig mikið úrval af milligerðum,
át-og milligrindum.

Munið sáðvöruna,erum óhræddir við verðsamanburð.



Leitið ekki langt yfir skammt.



Sími:480-5600

www.landstolpi.is

Stækoma þar með
trukki

Landflutningar
SAMSKIP

Brottför frá Flúðum
Kl. 08:00 mánud. til föstudaga.
Brottför frá Landflutningum Reykjavík
Kl. 12:00 mánud. til föstudaga.
Vöndull ehf Högnastíg 1.
Jóhann Unnar Guðmundsson.
Sími: 856-1580



KB BANKI

Hraðbankinn
er opinn allan sólarhringinn.

Afgreiðslutími á Flúðum:
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00
Viðtalstími bankastjóra á
miðvikudögum 13:30-15:45

Sími. 480-4700.

Frá Hrunasókn.

Aðalfundur sóknarinnar var haldinn þann 6.maí sl. Fundarsókn var heldur dræm miðað við að um 500 manna sókn er að ræða, en svipuð og síðustu ár. Á fundinum voru endurkjörin til setu í sóknarnefnd, þau Marta Hjaltadóttir, Jóhanna Ingólfssdóttir og Unnsteinn Hermannsson. Auk þeirra í aðalstjórn eru Loftur Þorsteinsson og Guðríður Þórarinsdóttir. Varamenn voru kjörin þau Anna Björk Matthíasdóttir og Guðjón Birgisson. Fyrir eru Sigríður Guðmundsdóttir, Sigurjón Sigurðsson og Jón Óli Einarsson. Skoðunarmenn reikninga voru kosin þau Lilja Andrésdóttir og Kjartan Helgason, Svanur Einarsson til vara.

Helgihald í sókninni var með hefðbundnu sniði síðasta ár og margt gert í samstarfi við Hrepphólasókn s.s aðventuhátíðin, barnastarfið og gospel-messan sem haldin var í maí.

Miklar framkvæmdir voru við kirkjugarðinn í Tungufelli sl. sumar, stéttin að kirkjunni var endurlögð, veggir endurhlaðnir og sáluhlíðið lagfært, síðan var girðingin um garðinn endurnýjuð og aðgengið að nýrri hluta garðsins bætt. Þessar framkvæmdir kostuðu um 3,2 milljónir og voru að hluta kostaðar með framlögum úr kirkjugarðasjóði. Í ágúst var svo sungin messa í Tungufelli í tilefni 150 ára afmælis kirkjunnar.

Hafist var handa við endurbætur á kirkjunni í Hruna og var þakið endurnýjað. Stefnt er á að lagfæra turninn í sumar og síðan verður framkvæmdum haldið áfram eftir efnun og ástæðum.

Organistinn okkar til tólf ára hún Edit Molnár hefur sagt starfi sínu lausu og nú er búið að auglýsa starfið í samstarfi við Tónlistarskóla Árneseinga. Eins og flestir vita þá eru margir sem vinna kirkjunni í sjálfbóðaliðastarfi, eins og t.d. meðhjálparinn okkar hann Eiríkur Þorgeirsson, kirkjukórinn, og útfararstjórinn hann Guðjón Emilsson. Ég vil nota tækifærið og þakka þessu fólki fórnfús og vel unnin störf.

Eins vil ég nota tækifærið og hvetja aðstandendur til að huga að leiðum ástvina sinna, athuga almennt ástand þeirra og lagfæra minningamörk. Ég bendi fólki á að tala við Unnstein Hermannsson ef þörf er á að hlaða upp leiði, er hann tilbúinn að aðstoða við þá framkvæmd.

Eins og undanfarin sumur þá ætlar ÁSÆL að sjá um hirðingu á kirkjugörðunum. Margar hendur vinna létt verk.

Að lokum hvet ég fólk til að taka þátt í því uppbyggilega starfi sem safnaðarstarfið er. Kirkjan og það sem hún hefur uppá að bjóða er það sem flestir þurfa og vilja nýta sér á gleði og sorgarstundum.

Fyrir hönd sóknarnefndar

Marta Esther Hjaltadóttir



Leikskólafréttir

Foreldrasamtöl hafa staðið yfir í apríl og ánægjulegt að sjá hversu vel foreldrar nýta sér þau. Niðurstaða samtalanna er almenn ánægja foreldra með leikskólann og leikskólastarfið.

Þemasýning verður í leikskólanum Undralandi laugardaginn 12.maí frá kl:11.00-13.00. Foreldrafélagið verður með kökubasar í leikskólanum á meðan sýningu stendur, í fyrra fengu færri en vildu. Þennan sama dag eru Alþingis kosningar og hin vinsæla Evróvísion keppni. Tilvalið er að mæta á þennan menningarviðburð og njóta listarinnar sem hinir ungu listamenn hafa skapað, krækja sér í köku og kjósa.

Sumarfrí verður frá 1.júlí til og með 10. ágúst.

Leikskólinn hefst aftur 13. ágúst.

Umsóknir fyrir haustið

Foreldrar athugið: Vinsamlega sækið um vistun fyrir næsta haust fyrir 1.júní.

Skráning er skipulögð af leikskólastjóra.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í leikskólanum.

Lágmarksvistun eru fjórir samliggjandi dagar með sama vistunartíma.

Ef foreldrar vilja breyta vistunartímanum látið vita fyrir 1.júní.

Vistunartímar leikskólans

4 tíma vistun. 8:00-12:00

4 tíma vistun. 9:00-13:00

5 tíma vistun. 8:00-13:00

6 tíma vistun. 8:00-14:00

7 tíma vistun. 9:00-16:00

8 tíma vistun. 8:00-16:00 eða 9:00-17:00

9 tíma vistun. 8:00-17:00

Mikilvægt er að uppsagnarfrestur sé virtur, þ.e. mánaðaruppsagnarfrestur.

Gjaldskrá Leikskólans Undralands.

Vistun á dag 1 dag 5 daga 1 dagur 5 dagar

Forgangshópar

4.tímar		2,084		10,420	1,563	7.815
5.tímar		2,605		13,025	1.954	9,769
6.tímar		3,126		15,630	2.345	11,723
7.tímar		3,647		18,235	2,735	13,676
8.tímar		4,168		20,840	3.126	15,630
9.tímar		4,689		23,445	3,517	17.584
Morgunhressing		70				
Síðdegishressing		70				
Hádegismatur		180				
Annað og þriðja barn		25%afsl				
Forgangshópar		25%afsl				

Greiða skal fyrir þann tíma sem barnið er skráð. Ekki er tekið tillit til fjarvista, nema um langvarandi veikindi sé að ræða. Fæðisgjald er fellt niður vegna fjarveru barns, ef látið er vita um fjarveru fyrirfram og hún nemi a.m.k. 5 samfelldum virkum dögum.

Fastir frídagar verða ekki dregnir frá t.d. jól og páskar.

Frá leikskólastjóra

Leikskólabörnum hefur fjölgað með vorinu og eru nú 49 talsins. Í vetur höfum við haldið áfram að vinna með Hringekjuna sem er ákveðið kerfi sem unnið er eftir í hópastarfi, þetta kerfi hentar okkur vel og húsnæðið nýtist betur.

Heimasíðan komst í gagnið í vetur og er starfsfólk að æfa sig í að setja inn á hana efni og myndir. Við vonumst til að foreldrar og aðrir skoði heimasíðuna okkar og komi með ábendingar.

Við héldum karla- og kerlingadaga í fyrsta skipti í vetur og slógu þeir í gegn og verða fastir liðir í starfinu. Fagnaðarfundir voru líka mjög vel sóttir af foreldrum og öðrum ættingjum barnanna.

Haldið var upp á 25 ára afmæli leikskólans sem tókst mjög vel. Leikskólanum voru færðar margar góðar gjafir og getum við nú státað af góðum tækjakosti. Okkar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Ég er nú á förum héðan eftir 3ja ára starf og stefni aftur í Hafnarfjörðinn. Eydís Helgadóttir tekur við af mér sem leikskólastjóri, óska ég henni gæfu og velgengni í starfi. Ég vil þakka börnum, starfsfólki, foreldrum og öðrum sem að leikskólanum hafa komið fyrir frábært samstarf. Ég á eftir að sakna margs héðan en í staðinn hefur mér hlotnast mikil og góð reynsla.

Takk fyrir mig og gleðilegt sumar.

Jóna Guðbjörg Ólafsdóttir, leikskólastjóri

Frá Félagi eldri Hrunamanna.

Mínum á sumarferðina 4.-6. júní.

Farið verður um Borgarfjörð í Dalina.

Gist í tvær nætur á Laugum í Sælingsdal.

Sigt um Breiðarfjörð. Málsverður um borð í boði félagsins.

Fararstjóri verður Jóhannes Sigmundsson.

Látið vita um þátttöku fyrir 13. maí.

Bubba s: 486-6670 Loftur s: 486-6715

Anna s: 486-6614



HITAVEITA FLÚÐA

Margir sundgestir.

Eins og lesendum Pésans er kunnugt um bauð Hitaveita Flúða sundlaugagestum frítt í sund í síðasta mánuði. Mikil aðsókn var

að lauginni í aprílmánuði. Haldið er nákvæmt bókhald yfir sundgesti og um 1600 gestir komu í laugina í aprílmánuði. Veitustjóri og stjórn Hitaveitu Flúða þakkar öllum sem nýttu sér afmælisgjöfina og við sem þáðum boðið þökkum fyrir okkur! Nú er bara að halda áfram að stunda sund sem er ódýr og einstaklega holl og skemmtileg íþrótt.

Körfuknattleiksdeild UMFH

Þjálfarar deildarinnar í vetur voru : Árni Þór Hilmarsson yfirþjálfari, Brynhildur Jónsdóttir, Máté Dalmay og Harpa Reynisdóttir

Fjárafilanir

Vörutalning, firmakeppni, kleinusala, bingó, uppboð á folatollum og auglýsingatekjur af skiltum í íþróttahúsi.

Skotklukka

Langþráð takmark náðist á árinu þegar keypt var skotklukka í íþróttahúsið. Styrkir fengust frá UMFH, Samkaup Strax og einkaaðila sem vildi ekki láta nafns síns getið. Hrunamannahreppur styrkti okkur svo um uppsetningu og tengingar. Klukkan er þó ekki komin í endanlegar festingar en verið er að smíða þær. En hún er í notkun og það er gott.

Keppnisferðir

Farið hefur verið víða í vetur og ferðirnar gengið vel. Flottir krakkar sem iðka körfuna hjá okkur og eru sveitum sínum til sóma þegar þau ferðast um landið. Fyrirmyndar íþróttamenn.

Búningamál

Karlaliðið keypti búninga sem KB banki (Kaupbing) styrkti.

Fögrusteinar gáfu karlaliðinu upphitunarboli.

Hitaveita Flúða gaf stelpunum upphitunarboli.

Peningamálin

Rekstur svona deildar veltir ótrúlega miklum peningum eins og sést í ársreikningunum, mikið sem fer út og ekki alveg jafn mikið sem kemur inn. Þátttökugjöld í Íslandsmóti eru mikil, greiða þarf þjálfurum laun og það er alltaf jafn erfitt að fá æfingagjöldin greidd.

Árið 2006 var kostnaður við dómgæslu 99.625 kr.

Mótakostnaður 183.120 kr

Laun og launatengd gjöld 1.220.500 kr.

Æfingagjöld skiluðu 1.381.469 kr.

Aðalfundur deildarinnar var haldinn miðvikudaginn 9. maí og var mæting léleg. Skipt var um stjórn þar sem Hrund og Ingibjörg hættu en Kolbrún Kristín heldur áfram. Í staðinn koma Kristín Erla Ingimarsdóttir og ____?

Til þess að deild sem þessi geti starfað verður að vera stjórn sem heldur utan um deildina. Það er okkar foreldranna að styðja við æskulýðs og íþróttastarf barna okkar með því að vera virk í starfi sem þessu.

Sendum öllum sem hafa styrkt deildina í vetur okkar bestu þakkir

Kveðja, Stína, Ingibjörg og Hrund

Hannes Bjarnason sem var hreppsnefndarmaður og einn aðalhvatamaður að því að láta reisa listaverkið “Öldu aldanna” eftir Einar Jónsson gaukaði að okkur meðfylgjandi ávarpi en nú eru brátt 30 ár síðan listaverkið var afhjúpað. Hörður Bjarnason húsameistari samdi og flutti ávarpið.

Ávarp

Flutt við afhendingu á listaverki Einars Jónssonar myndhöggevra, “Alda aldanna” á hátíðarsamkomu að Flúðum í Hrunamannahreppi hinn 17. júní 1977.

Mér er það sérstök ánægja og mikill heiður, að mega mæta hér í dag við 17.-júní hátíðarhöld, á æskustöðvum og í áttögum feðra minna og frænda, einnig að öðru mikilvægu tilefni.

Safnstjórn Listasafns Einars Jónssonar myndhöggevra frá Galtafelli afhendir við þetta tækifæri fæðingarsveit listamannsins, fagra afsteypu í eir af einu þekktasta verka hans “Öldu aldanna”, sem nú mun afhjúpað hér að Flúðum. Forráðamenn staðarins og sveitarinnar hafa viljað sýna minningu Einars Jónssonar þá sérstöku virðingu og miklu ræktarsemi að láta gera afsteypuna og fá henni hér stað að helsta menntasetri og miðstöð félagslífs sýslunnar, í hinni fögru sveit áttaha Einars Jónssonar.

Formaður safnstjórnar listasafnsins, og sá sem einkum hefir haft milli-göngu um listaverkið, sera Jón Auðuns fv. dómprófastur, gat því miður ekki komið því við að vera hér í dag, og sjálfur afhenda styttuna. Bað hann mig því mæta fyrir sína hönd og safnstjórnar og flytja kveðjur og heillaóskir á hátíðardegi. Auk formanns eiga sæti í Safnstjórn listasafns Einars Jónssonar dr. Kristján Eldjárn forseti Íslands. Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður og Hörður Bjarnason húsameistari. Kveðjum safnstjórnar er hér með komið á framfæri.

Einar Jónsson var bundinn óvenju sterkum böndum áttögum sínum allt til æviloka. Í verkum hans vel flestum má sjá áhrif þeirra í mótun listamannsins og sköpuþrá. Veit ég því með öruggri vissu hver gleði það hefði verið honum að sjá þetta verk sitt komið á áttagana, sem hann unni svo mjög.

Einar Jónsson hóf sköpun þessa listaverks árið eftir að hann kom til Kaupmannahafnar tvítugur að aldri, og sýnir það hve bráðþroska lista-maður hann var. Verkinu lauk hann í þeirri mynd, sem það er nú í , tæpum áratug síðar. Merkingu myndarinnar “Alda aldanna” og táknmáli hennar lýsir Guðmundur Finnbogason landsbókavörður, í bókinni “Myndir” 1925, en hún fjallar um list Einars Jónssonar með þessum orðum: sogandi þrá.

“Myndin sýnir ljóslega hvaða fyrirbrigði náttúrunnar skáldið hefir í huga. Það er skýstrokkurinn, aldan, sem sogast í hvirfing úr djúpinu, - dregst til himins, eins og hún væri seidd af sogandi þrá.

“Sog” og “súgur” eru forn sjávarheiti og tákna eitt og hið sama. “Vogur” er eitt, og táknar það, sem vegur sig upp og lyftist. Að skáldin hafa fundið líf með öldunni sanna nöfn Ægisdætra og allt, sem um þær er kveðið. Og þegar Ármóður segir: Hrönn var fyr Humru minni/háleit þar er vér beittum, - og þá bregður fyrir í leiftri orðsins einmitt þeirri stellingu, er aldan hefir í mynd Einars. Hann er því í fullu samræmi við skáldin, er hann sýnir ölduna í konugervi. En snilldin er einmitt í því fólgin, hvernig hann samþýðir vaxtarlag og hreyfingu hafsvepsins og konunnar, svo að líkami hennar er lifandi ímynd löngunarinnar að hefjast hærra, og verður því íturskapaðir sem ofar kemur í loftið og ljósið. Og um leið fær myndin dýpri merkingu. Hún verður ímynd mannkynsins, er dregst eins og í dvalaleiðslu upp á við í áttina að æðra marki. Líf einstaklinganna verður sem gárur í faldi meginbárunnar, en allt sogast af sama afli. Aðeins sá, sem hæst er komin og næst hjarta öldunnar, er vakandi og kallar til hennar fyrir neðan. Í honum er löngunin orðin vitandi vits.

Þessi mynd er gott dæmi þess, hvernig andi og hendur Einars starfa. Hann klæðir náttúruviðburði í lífgervi, les úr formi hans lifandi mynd, er felur í sér skáldlega hugsun. Það er sama og dróttkvæðaskáldin gerðu. Þarna er öldukenning mótuð í leirinn. Og að vísu er orðaleikur kenningarinnar í nafni myndarinnar. Alda aldanna er raunar alda kynslóðanna”. Lýkur hér tilvitnuninni.

Táknmál þessa verks lýsir því ljóslega, sem innst stóð í rótum og lífsskoðun Einars, þrá mannsins eftir æðra lífi, í átt að ljósi og þroska, æðri markmiðum fyrir handan heim og hel, eins og um vitna orð Guðmundar Finnbogasonar.

Einar Jónsson ritaði æviminningar sínar, er út voru gefna í tveim bókum, “Minningar” og “Skoðanir” Rit þessi eru nú með öllu ófáanleg, en í einkabókasafni hans voru til tvö eintök af verkinu. Safnstjórnin leyfir sér því við þetta kærkomna tækifæri að færa skólanum hér að Flúðum annað eintakið að gjöf, með þeirri ósk og von, að verða megi yngri kynslóðinni nú og framvegis til fróðleiks, og að hún með þessum hætti öðlist skilning á listamanninum Einari Jónssyni frá Galtafelli, lífi hans og listsköpun, og þeirri merku arfleið hans til íslenskrar þjóðar.

Með þessum orðum og óskum lýk ég máli mínu og bið fæðingarsveit hans vel að njóta þessa sköpunarverks hans, og bið þeim blessunar og velgengni um ókomna tíð.

Bið ég síðan fulltrúa yngstu kynslóðar “Gullhreppa” að ganga fram og afhjúpa styttuna.

Pésinn.

Fréttir frá bridsdeild.

Nú er lokið spilamennsku vetrarins. Aldrei í sögu bridsdeildar hafa verið spiluð eins mörg mannkvöld og í vetur, það er fjöldi spilara sinnum spilakvöld, samtals 392.

Eftir var að birta úrslit í aðaltvímenningi og sveitakeppni.

Úrslit í aðaltvímenningi.

1. sæti.	Karl Gunnlaugsson Jóhannes Sigmundsson	736 stig
2. ---	Ásgeir Gestsson Guðmundur Böðvarsson	719 ---
3. ---	Knútur Jóhannesson Ari Einarsson	671 ---
4. ---	Jón Þorsteinn Hjartarss. Hörður Úlfarsson	669 ---
5. ---	Stefán Sævaldsson Kristmundur Sigurðsson	650 ----
6. ---	Magnús Gunnlaugsson Pétur Skarphéðinss.	638 ---

Alls tóku 14 pör þátt í mótinu.

Úrslit í sveitakeppni.

1. sæti.	Sveit Karls Gunnlaugssonar Jóhannes Sigmundss. Magnús Gunnlaugsson Pétur Skarphéðinss.	128 st.
2. sæti.	Sveit Knúts Jóhannessonar Ari Einarsson Viðar Gunngeirsson Gunnar Marteinsson	118 st.
3. sæti.	Sveit Ásgeirs Gestssonar Guðmundur Böðvarsson Margrét Runólfsdóttir Bjarni Ansnes	106 st.
4. sæti.	Sveit Þórdísar Bjarnadóttur Stefán Sævaldsson Þóra Þórarinsdóttir Páll Árnason	

Alls tóku 7 sveitir þátt mótinu.

Rétt er að minna á að bridsdeildin verður fjörutíu ára í haust.

Kveðja spilastjóri.

Takið eftir!



Flughátíð Flúðum

á Jónsmessu 23. júní 2007



uppúr hádegi og fram á nótt

verður Flughátíð haldin á Flúðum

Laufskálar - Magnús Víkingur 893 65 99

Flúðasveppir - Georg Ottósson 893 99 11

og Útlaginn - Árni Hjaltason 899 8843

standa fyrir þessari samkomu.

Fjölpætt dagskrá á Flúðaflugvelli.

Pulsur og kók, grænmeti og sveppir,

eitthvað fyrir alla,

konur og kalla, börn og gamalmenni.



Sjáumst sem allra flest

Tjaldstæði á staðnum

Flugbensín á staðnum



Iðnaðarsvæði Flúðum, fráveita og gatnagerð 14/05/2007

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið: Iðnaðarsvæði Flúðum, fráveita og gatnagerð, áfangar I og II.

Verklök áfanga I. eru 3 júlí 2007.

Verklök áfanga II. eru 12. október 2007.

Helstu magntölur eru:

Gröftur 17.500 m³

Fyllingar 22.300 m³

Fráveitulagnir 3.100 m

Vatnslagnir 650 m

Hitaveitulagnir 650 m

Útboðsgögn verða afhent hjá Verkfræðistofu Suðurlands, Austurvegi 3-5, frá og með mánudeginum 14. maí. gegn 5000 kr. skilagjaldi.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, Flúðum, fyrir kl. 10:00 mánudaginn 29. maí 2007, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Hrunamannahreppur

Ég verð með tónleika í Selfosskirkju, mánudaginn 21. maí n.k. kl 20.30. Leita allra leiða til að kynna þá sem best fyrir nærsveitarmönnum. Þræði landið þvert og endilangt til að kynna nýjan geisladisk sem kemur út 16.maí. Með bestu kveðjum! Jón Ólafsson, tónlistar- og stundum sjónvarpsmaður

